

***BORGARRÁÐ 29. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutunarreglur Félags eldri borgara - R19080140***

Svör við fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um úthlutunarreglur hjá Félagi eldri borgara eru í mótsögn við það sem Ellert B. Schram, formaður Félags eldri borgara sagði í fréttum RÚV, 10. ágúst sl. en þar var haft eftir honum að reynt yrði að koma til móts við kaupendur með því að falla frá öllum kvöðum sem eru á íbúðunum. Var þá formaður Félags eldri borgara að fara með rangt mál í fréttum RÚV, eða var borgarstjóri hafður með í ráðum? Óskað er eftir skriflegu svari.